aðsprófasti landsins verði í þess stað og sem endurgjald skrifstofukostnaðar veitt 200 kr. árleg þóknun úr landssjóði. 63 30. maí.

Fyrir því lætur ráðgjafinn eigi á frest skotið þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráðgjafanum þykir ísjárvert að koma á framfœri frumvarpi um hið ofanumgetna fyrirkomulag, því að með því að veita prófastunum þóknun eða laun úr landssjóði fyrir embættisstörf þeirra, virðist ný launaregla lögleidd án nœgilegrar ástœðu, og þar að auki þykist ráðgjafinn geta gengið að því vísu, að þingið muni með öllu ótilleiðanlegt til að fallast á slíkt frumvarp, er myndi baka landssjóði eigi allítinn kostnað. En að því leyti sem frumvarp það, er að ofan rœðir um, gjörir þá varatillögu, að reynt verði að útvega prófastunum árlegt endurgjald úr landssjóði fyrir skrifstofukostnað, að upphæð 100 kr., þykir loks hlýða, að geta þess, að ritstörf prófastanna virðast eigi umfangsmeiri en svo, að þeir með hœgðarleik geti leyst þau af hendi sjálfir.

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um tíund til prests og kirkju.** — Með þóknanlegu brjefi frá 30. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til laga um tíundargreiðslu til prests og kirkju, og hafið þjer um leið getið þess, að stiptsyfirvöldin fyrir hönd nefndar, er hin síðasta prestastefna hafði skipað til þess að taka til íhugunar, hvernig ákveða skyldi vald og starfsvæði prestastefnunnar, hafi sent yður frumvarp þetta með tilmælum um, að það yrði lagt fyrir ráðgjafann. Þjer hafið og látið í ljósi, að þjer ekki getið ráðið til, að gjörð sje gangskör að því, að leggja frumvarpið fyrir alþingi þetta ár, því að gegn aðalákvörðunum frumvarpsins, sem miði til þess að afnema án endurgjalds undanþágu þá, er einstöku jarðir hafa haft með greiðsln á tíund til prests og kirkju, sjeu fœrðar fullnœgjandi mótbárur í frumvarpi því til laga um skipun prestakalla, sem lagt hafi verið fyrir alþingi 1879, en breytingu þá á innheimtu tíundarinnar, sem frumvarpið fer fram á, að verði lögð á herðar sýslumönnunum, muni eigi heldur ráðlegt að framkvæma án þess, að sýslumenn fengu hœfilega þóknun fyrir hana, en af því leiddi aptur, ef til vildi, tilfinnanlega tekjurýrnun fyrir suma presta. 64 30. maí.

Út af þessu lætur ráðgjafinn eigi á frest skotið þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráðgjafinn af ástœðum þeim, er þjer hafið tekið fram, álítur frumvarp þetta eigi lagað til að leggjast fyrir alþingi.

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um borgun handa fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1883.** — Samkvæmt allraþegnlegustu tillögum ráðgjafans hefir hans hátign konunginum 25. þ. m. allramildilegast þóknazt að fallast á, að borgunin handa fulltrúa stjórnarinnar á alþingi því, sem á að koma saman á árinu 1883, skuli vera 2000 kr., og er upphæð þessi dregin frá tillaginu úr ríkissjóði nefnt ár; en það er tilfœrt í 6. gr. frumvarps þess til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883, sem sent hefir verið yður, herra landshöfðingi, með brjefi frá ídag. 65 30. maí.

Þetta lætur ráðgjafinn eigi undan falla hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli.** — Eptir að ráðgjafinn hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfð- 66 30. maí.